

Hafnarfirði 23.ágúst 2017

Fjölskylduráð Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
Hafnarfirði

Erindi: Kynning á Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar og mögulegu samstarfi við Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar

Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar (www.stendur.is) hóf starfsemi haustið 2008 og er því að hefja sitt 10. starfsár. Hafnarfjarðarbær er einn fjögurra stofnaðila hennar og á tvo fulltrúa af fimm í stjórn. Að undirbúningi stofnunar komu bæði embættismenn, kjörnir fulltrúar og fagfólk Hafnarfjarðarbæjar. Mikil og góð samvinna var frá upphafi við Fjölskylduþjónustu bæjarins. Í upphafi starfsins gátu félagsráðgjafar vísað fólki beint í þjónustu Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar þar sem í gildi var þjónustusamningur við ríkið sem greiddi fyrir endurhæfingu þátttakenda. Eftir gildistöku laga um starfsendurhæfingarsjóði (nr. 60, 25.júní 2012) féll sá samningur niður, en samkvæmt lögunum er starfsendurhæfingarsjóður meðal annars falið að hafa umsjón með starfsendurhæfingu á Íslandi og fjármagna viðeigandi úrræði, aðgerðir og verkefni á sviði atvinnutengdrar starfsendurhæfingar. Á landinu starfar einn starfsendurhæfingarsjóður, Virk starfsendurhæfingarsjóður. Til þess að eiga rétt á þjónustu sjóðsins þarf fólk að vera með heilsubrest sem staðfestur er af lækni og hafa tilvísun frá lækni. Þeir sem ekki eru með skilgreindan heilsubrest eiga því ekki rétt á þjónustu í gegnum Virk. Fagfólk Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar og Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar hafa fundað um mögulegt samstarf um atvinnutengda endurhæfingu fólks sem glímir við félagslegan vanda og fær framfærslustyrk hjá Hafnarfjarðarbæ og lýst gagnkvæmum áhuga á slíku samstarfi.

Hjá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar eru í gangi nokkrar mismunandi leiðir í starfsendurhæfingu, sniðnar að ólíkum þörfum þátttakenda. Þær má sjá á meðfylgjandi töflu. Þar má einnig sjá tillögu að leiðum fyrir fólk eftir því hvað reynslan sýnir að henti best miðað við þann vanda sem glímt er við.

Þær leiðir sem gætu hentað vel fyrir fólk sem er í þjónustu Fjölskylduþjónustunnar, glímir við félagslegan vanda og og þarf að fá hvatningu og stuðning til að ná upp rútinu og byggja upp sjálfstraust eru t.d.:

- Grunnur/Matsleið þar sem unnið er að því að efla trú þátttakenda á eigin getu til þess að hafa áhrif á líðan sína og velferð, leggja mat á stöðu sína og styrkleika og vinna markvisst að því að komast í vinnu eða nám.
- Hvati sem er ný leið sem ætluð er ungu fólki á aldrinum 18-25 ára og er sett upp sem 6 mánaða endurhæfing. Nánari lýsing er í fylgiskjali.
- Eftirfylgd gæti mögulega hentað einhverjum á meðan þeir eru í vinnu í gegnum Áfram verkefnið eða að taka fyrstu skrefin í vinnu.

Þessar leiðir eru merktar með gulu í töflunni og nánari lýsing á Hvata fylgir einnig með.

Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar er einnig reiðubúin til þess að skoða annars konar aðkomu eða samvinnu við Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar en tilgreind er í töflunni, t.d. að Starfsendurhæfingin sæi um sjálfsefningar- og fræðsluhlutann og Fjölskylduþjónustan um sérfræðiaðstoð þegar þörf er á henni. Þátttakendurnir væru þá t.d. hjá okkur á námskeiðum og eflandi starfi sem felst í því að þeir mæta alla daga á sama tíma, hitta sama hópinn og vinna að því að auka vinnuhæfni sína, en héldu samhliða áfram í þjónustu á vegum Fjölskylduþjónustunnar s.s. hjá félagsráðgjafa, sálfræðingi eða öðrum sérfræðingum ef þörf væri á.

Ef af samvinnu um endurhæfingu verður gæti fagfólk Fjölskylduþjónustu boðið fólki upp á þjónustu hjá Starfsendurhæfingu Hfj. í ákveðinn tíma (t.d. 2-6 mánuði). Fólkið mundi halda áfram á framfærslustyrk fyrstu skrefin sem það væri í endurhæfingu hér. Þegar við sæjum að það væri að mæta og leggja sig af alvöru fram í endurhæfingunni mundum við mæla með því við lækni að sótt yrði um að viðkomandi einstaklingar fengju greiddan endurhæfingarlífeyri hjá TR. Í framhaldi af endurhæfingunni mundi hluti fólks fara beint í vinnu eða nám, aðrir í Áfram verkefni á vegum Hafnarfjarðarbæjar, en einhverjir gætu þurft lengri tíma í endurhæfingu. Komi í ljós að viðkomandi glími við heilsubrest yrði haft samband við lækni til þess að láta reyna á réttindi hjá Virk.

Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar er sjálfseignarstofnun sem ekki er ætlað að skila hagnaði (non-profit). Hún er með þjónustusamning við Virk starfsendurhæfingarsjóð sem byggir á útreiknuðum kostnaði við þjónustu af þessu tagi. Samningurinn er trúnaðarmál, en miðað við upplýsingar sem finna má á heimasíðu bæjarins þar sem fram kemur að fullur framfærslustyrkur sé kr. 154.834 kr pr. mánuð, (www.hafnarfjordur.is/media/fjolskylduthjonusta/Reglur-um-fjarhagsadstod-hja-Hafnarfjardarbae-mars-2014--3-.pdf) skal upplýst að það er talsvert hærri upphæð en dýrasta endurhæfingarleiðin hjá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar, þar sem öll sérfræðiþjónusta er innifalin kostar. Aðrar leiðir með minni þjónustu eru enn ódýrari.

Ávinningur af starfsendurhæfingu er margs konar. Hjá Hafnarfjarðarbæ mundi sparast framfærslustyrkur á móti kostnaði eftir að fólk færi á endurhæfingarlífeyri, sem eins og áður segir yrði lagt til að sækja um strax og fólk dettur í takt og að sjálfsögðu stefnum við að góðum árangri þannig að sem flestir muni ná því að komast í vinnu, sjá fyrir sér og helst skilað sköttum í kassann. Hagur Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar fælist í að hafa fleiri þátttakendur og meiri tekjur sem gæfi möguleika á fjölbreyttari þjónustu. Fyrirtæki og þjóðfélagið allt nyti góðs af því að nýta hæfileika fólks á vinnumarkaði og að færri færu á örorkubætur. Þeir sem hefðu mestan hag af vel heppnaðri þjónustu væru þó þátttakendur sjálfir og þeirra nánustu, enda hafa rannsóknir ítrekað sýnt að þátttaka í starfsendurhæfingu skilar fólki auknu sjálfstrausti, betri líðan og meiri lífsgæðum hjá fólkinu sjálfu og fjölskyldum þess.

Með góðri kveðju,

Anna Guðný Eiríksdóttir,
framkvæmdastjóri Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar